

Aðalfundur Hjólreiðafélags Akureyrar

haldinn með fjarfundarbúnaði, miðvikudaginn

14. október 2020

A. Fjarfundarbúnaður, opna á atkvæðagreiðslu fjarfundar.

Opnað á streymi á fundinn á netinu og óskað eftir samþykki á atkvæðagreiðslu í gegnum fjarfundarbúnað. Samþykkt af viðstöddum í fundarsal ÍBA.

B. Fundarsetning – formaður, kosinn fundarstjóri og fundarritari.

Ágúst, formaður félagsins, setti fundinn og stakk upp á Herði Finnbogasyni sem fundarstjóra og Guðmundi Bjarnari Guðmundssyni sem fundarritara og var það samþykkt.

Hörður tók næst til máls og þakkaði það traust sem honum var sýnt. Fór hann því næst yfir boðun fundarins, sem var skv. lögum og engin athugasemd gerð og því telst fundurinn löglegur. Gaf hann því næst formanni orðið með skýrslu stjórnar.

C. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Ágúst Örn Pálsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Þar sem meðal annars kom fram að á síðasta aðalfundi sem var haldinn sl. vor að þá hefði verið samþykkt að breyta starfsári félagsins sem mun hér eftir hefjast að hausti ár hvert. Meðlimir HFA eru nú 133. Hjólasumarið fór seint af stað vegna Covid-19 enda lá allt íþróttastarf niðri á landinu langt fram eftir vori. HFA hélt nokkur mót í sumar og bar þar helst til tíðinda bikarmót í götuhjólreiðum, Hjólreiðahátíð Greifans sem innihélt, Gangamót, Íslandsmót í fjallahjólreiðum, Endurómót, bikarmót í fjallabruni, criterium, tímatökumót, brekkusprettur og kirkjutröppubrun. Ungmennaæfingar í fjallahjólreiðum og göuthjólaæfingar voru starfræktar í sumar í samstarfi við félagið. Töluverð vinna var við endurbætur á fjallahjólbrautum og er það verkefni enn í gangi. Umhverfis- og mannvirkjaráð Akureyrarbæjar samþykkti að veita 10 millj. kr. í viðhald hjólbrauta ásamt vinnuframlagi. Frábær árangur náðist hjá mörgum keppendum HFA og eignaðist félagið marga Íslands- og bikarmeistara í götuhjólreiðum, og fjallabruni. Þá var Hafdís Sigurðardóttir valin í landslið sem tók þátt í heimsmeistaramóti í götuhjólreiðum. Hjólreiðar á Akureyri og á landinu öllu hafa aldrei verið vinsælli og því eru bjartir og spennandi tímar framundan. Stefnt er að því að styðja enn betur við bakið á keppendum og öðrum iðkendum og bjóða upp á fjölbreytt námskeið og æfingar.

D. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.

Árni F. Sigurðsson, gjaldkeri, fór næst yfir rekstrarreiknings tímabilsins 1. janúar til 31. ágúst 2020. Heildartekjur félagsins námu 4,3 millj. kr., kostnaður nam 3,5 millj. kr. Hagnaður ársins var því um 0,8 millj. kr. Heildareignir, þ.e. kröfur og handbært fé nam í lok ágúst 2020 5,9 millj. kr. og skuldir félagsins námu 0,4 millj. kr. Óráðstafað eigið fé nam því 5,5 millj. kr. í árslok.

Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Ágúst nefndi að 10 millj. framlag, vegna viðhalds stíga, frá Akureyrarbæ er greitt beint til verktaka og er því ekki inni í ársreikningi félagsins.

Egill Snær spurðist fyrir um kröfu vegna dómsmáls og spurði hvort það ætti ekki að afskrifa þetta. Árni svaraði því til að þetta væri í skoðun hjá Ólafi Rúnari lögmanni og Sunna Axelsdóttir sagðist ætla að ýta á eftir þessu.

Birkir Baldvinsson tók undir orð Egils og fannst þetta ekki gefa rétta mynd af ársreikningnum að hafa þetta inni.

Jenný Grettisdóttir spurðist fyrir um götuhjólæfingarnar hvort þær hefðu verið á vegum félagsins? Árni svaraði því til að það hefðu verið Hafdís og Freyja sem sáu alfarið um þær og hefðu verið á þeirra vegum. Það sama var um Ungmennanámskeið í fjallahjólreiðum og því væri hvorki tekjur né gjöld í reikningum félagsins.

Ágúst sagði að það að þetta fyrirkomulag hefði verið með samþykki félagsins. Það var þó einhver búnaður lánuður vegna æfinganna.

Skýrsla stjórnar og reikningar staðfestir með öllum greiddum atkvæðum.

E. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar liggja fyrir en þó er ein breyting frá fyrri lögum að bráðabirgðaatkvæði í 6. grein um styttra reikningsárs fellur sjálfkrafa úr gildi.

F. Ákvörðun um árgjald.

Tillaga stjórnar um árgjald fyrir árið 2020 er sú að það verði áfram kr. 5.000,-

Hörður nefndi að HRÍ fengi 2.500 af hverju árgjaldi.

– Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

G. Staðfesting siðareglna.

Siðareglur stjórnar – Engar breytingar frá því í fyrra. Hörður áréttaði reglurnar og las þar upp í heild sinni.

Umræða um siðareglur.

Gunnar Jarl spurðist fyrir um hvað væru óverulegar gjafir. Egill Snær svaraði því að þetta hafi verið hugsað sem að stærri gjafir eins og hjól og aðrar dýrar gjafir væru ekki að hafa áhrif á ákvarðanir og samninga stjórnarmanna fyrir hönd félagsins.

Guðbjörn sagði að í skattalögum að þá væri talað um óverulegar gjafir allt að 50 þús. kr.

Siðareglurnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

H. Kosning í stjórn félagsins til eins árs.

Tillaga liggur fyrir um fimm manna stjórn og tveim til vara.

Stjórn:

Árni F. Sigurðsson

Gunnar Jarl Gunnarsson

Rögnvaldur Mór Helgason

Silja Rúnarsdóttir

Sunna Axelsdóttir

Varamenn:

Kári Fannar Lárusson

Jenný Grettisdóttir

Þar sem ekki önnur framboð komu fram að þá telst hún réttkjörin.

I. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Tillaga liggur fyrir um Laufeyju Árnadóttur og Guðmund Bjarnar Guðmundsson sem skoðunarmenn reikninga og þar sem ekki önnur framboð komu fram að þá teljast þau réttkjörin.

J. Önnur mál.

Ágúst þakkaði fyrir það tækifæri sem hann fékk að stýra félaginu sem formaður sl. ár. HFA fékk styrk til brautargerða (viðhald og nýsmíði), en félagið sendi bréf þess efnis í nokkrum liðum. Það er búið að gera miklar breytingar og lagfæringar á brautum. Þetta fór þó erfiðlega af stað og gekk hægt að setja á legg vinnuhópa vegna ýmissa ástæðna. Ágúst nefndi að hann hefði viljað að þetta hefði gengið betur og er unnið í því að fá að flytja þetta að einhverju leyti á milli ára. Verkefnið er ekki búið en verður áfram í vinnslu.

Birkir Baldvinsson spurði hvað væri búið að ráðstafa miklu af þessu og hvað er hægt að flytja á milli ára.

Ágúst hefur ekki séð reikninga frá öðrum verktaka og því ekki vitað nákvæmlega hvernig þetta stendur en telur að það séu um 4-5 millj. eftir. Það er verið að vinna í þessu og ætti að koma í ljós á næstu dögum hvort hægt sé að flytja á milli ára. Það er síðan hlutverk nýrrar stjórnar að ákveða framhaldið varðandi og hverjir koma að þessu fyrir hönd félagsins.

Ágúst Guðnason spyr hvað hafi helst valdið seinkun á verkinu? Ágúst og Árni svöruðu því til að það hefði m.a. verið vegna mikilla tafa frá utan aðkomandi aðilum sem áttu að koma að þessu.

Birkir nefndi að sú lagabreyting, um breytt starfsár, sem var samþykkt sl. vor hafði m.a. verið til að gefa nýrri stjórn meiri tíma til undirbúnings og sagði að það væri því hlutverk nýrrar stjórnar að fara snemma í skipulagningu á næsta sumri.

Hörður sagði að þetta hafi verið undarlegir tímar og mikið af íþróttastarfi hefði legið niðri á árinu og því hefði þetta verið erfitt ár varðandi skipulagningu.

Áspór spurði hvað hafi verið helst gert í stígamálum? Ágúst svaraði því að það hefði verið byggð ný brú í Kjarnaskógi og þá hefði mikil vinna farið fram í Hlíðarfjalli á viðhald og endurbótum á brautum þar.

Magnús Smáráson lagði fyrir fundinn ályktun og fór yfir hana. Í henni er farið yfir heimild stjórnar til að stofna nýja nefnd. Grasrótin í félaginu hefur viljað koma meira að brautarlagningu og því voru þau sem skrifuðu undir ályktunina áhugasöm að vera í nefnd sem kæmi að umræðu og framkvæmd á hjólabrautum kringum Akureyri.

Hörður sagði að það væri ánægjulegt að það kæmi frá grasrótinni svona ályktun. Hann nefndi að þetta væri fyrir nýja stjórn að taka tillit til.

Árni sagði að hann væri ánægður með þetta og sagði að þetta yrði tekið fyrir á næsta fundi.

Kosið var um ályktunina og hún samþykkt.

Hörður sagði að það væri hlutverk stjórnar að fá fólk í nefndir og þetta félli þar undir.

Gunnar Jarl spurði Magnús hvort að þetta væri hugsað sem bætta framkvæmdir varðandi brautir almennt en ekki bara fyrir mót? Magnús játti því.

Birkir nefndi að varðandi merkingar á brautum að þá hefðu Ísfirðingar fengið styrk til þess og því væri nauðsynlegt að það yrði skoðað.

Birkir nefndi að Akureyrarbær væri búinn að kynna nýtt deiliskipulag varðandi stígakerfi í og við bæinn og taldi að það væri nauðsynlegt að félagið endurnýjaði fyrri athugasemdir.

Magnús sagði að það væri frábært að sjá fjallahjóra æfingahópinn í sumar og að það hefði gleymst að setja í ályktunina að þetta yrði kynnt fyrir unga fólkinu til að fá það með í hópinn.

Sunna tók undir það að þetta væri góð hugmynd og nefndi að víða væru ungir strákar að moka og útbúa brautir og stökkpalla um bæinn og væru örugglega til í að koma að þessu.

Árni fór yfir hlutverk nefnda og sagði að þau sem væru í nefndum ættu ekki endilega að sjá um alla hluti heldur ættu að dreifa verkum á fleiri. Hann taldi mikilvægt að manna allar nefndir svo að öll vinnan lenti ekki á stjórn. Hann vill halda félagsfund á næstunni þar sem farið verður yfir nefndarstörf.

Guðbjörn nefndi að það væri mikið búið að tala um stígagerð varðandi fjallahjól og vildi að það væri einnig hugað að stígum fyrir götuhjól. Hann sagði að það væru víða skörð í þeim auk þess sem margir væru óhreinir og því væri nauðsynlegt að félagið beitti sér fyrir þessu hjá Akureyrarbæ. Þetta á einnig við um vegaxlir þar sem mögulegt er að hjóla. Einnig nefndi hann að á hjólastíginn inn að Hrafnagili þyrfti að mála línu á brúnina við mölina sem er hugsuð fyrir þá sem hlaupa/ganga. Einnig þyrfti að koma ábendingu til bæjarins um að verktakar þyrftu að þrifa betur stíga á meðan verk eru í gangi. Einnig þurfi að huga að þrifum á stígum þar sem hestamenn fara yfir.

Hörður þakkaði fyrir þetta og taldi víst að götuhjólanefnin tæki þetta til skoðunar en nefndi líka að götuhjólalárar mættu sjálfir vera duglegri að senda inn ábendingar.

Árni benti á að það væri gott ef götuhjólanefndin kæmi á framfæri upplýsingum um hvert ætti að senda athugasemdir.

Nokkur umræða um hvort hópurinn varðandi nýju „nefndina“ sé nefnd eða ekki nefnd og hvað margir væru í henni. Hörður sagði að það þyrfti ekki að útkljá það núna heldur yrði það hlutverk stjórnar.

Silja sagði að þær nefndir sem hefðu starfað hefðu unnið gott starf en það þyrfti einnig að vera góð umræða innan félagsins til að hlutir yrðu gerðir.

Hörður sagðist hafa fengið fyrirspurn um hvort það væri nauðsynlegt að lesa upp allar siðareglur stjórnar. Hann taldi að það væri nauðsynlegt fyrir alla að rifja þetta reglulega upp.

Gunnar Jarl nefndi að það væri hugmyndir að útbúa stökk palla við Hálönd og það væri þá möguleiki á að stofna enn eina nefndina varðandi það. Ágúst fagnaði því framtaki en sagði að það væri klárlega hlutverk fjallahjólanefndar að skoða það.

Hörður sagði að það væri mikil gróska í félaginu og að það hefði verið mikil ánægja með þau mót sem voru haldin í sumar. Þá óskaði hann eftir að klappað yrði fyrir fráfarandi stjórn og með því sleit hann fundi.

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson, ritari.